

Hundruðum milljóna stolið af HS Orku

Tölvuprjötur brutust inn í tölvakerfi HS Orku og sviku út greiðslu sem nemur á fjórða hundrað milljóna. Væntingar um að hægt sé að endurheimta stóran hluta. Forstjóri, fjármálastjóri og tveir stjórnarmenn hættu störfum í lok síðasta mánaðar.

VIÐSKIPTI Erlendum tölvuprjötum tókst fyrr í sumar að brjótast inn í tölvakerfi HS Orku og svikja út umtalsverða greiðslu frá fyrirtækinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nemur fjárhæðin á fjórða hundrað milljóna króna. Væntingar eru hins vegar um að hægt verði að endurheimta upphæðina að miklum hluta en HS Orka er að helmingshluta í eigu íslenskra lífeyrissjóða.

Í skriflegu svari til Fréttablaðsins staðfestir HS Orka að starfsfólk þess hafi nýlega orðið þess vart að utan- aðkomandi aðili hefði brotist inn í kerfi félagsins og tekist að blekkja út verulega greiðslu frá fyrirtækinu. Unnið sé núna með íslenskum og erlendum lögreglufirvöldum að endurheimt fjármunanna.

„Fyrir snörp viðbrögð bæði starfsmanna félagsins og lögreglufirvalda hefur félagið ástæðu til að ætla að stóran hluta fjárhæðarinnar megi endurheimta og líklega geti það dregið umtalsvert úr afleiðingum glæpsins,“ segir í svarinu. Þá muni málið engin áhrif hafa á viðskiptavinum, rekstur eða sambönd við birgja félagsins.

Í lok síðasta mánaðar var tilkynnt að samkomulag hefði náðst um starfslok Ásgeirs Margeirssonar, forstjóra HS Orku, og þá lét Reynir Jóhannsson, framkvæmdastjóri fjármála hjá fyrirtækinu, einnig af störfum. Ásgeir gegnir starfi forstjóra þangað til eftirmaður hans verður ráðinn. Íslensku stjórnarmennirnir í HS Orku, Gylfi Árnason og Anna Skúladóttir, sem höfðu setið í stjórn félagsins um árabil, sögðu sig jafnframt úr stjórninni nokkrum dögum áður.

HS Orka er í jafnri eigu Jarð-

8,9

milljarða hafði HS Orka í tekjur í fyrra.

» Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nemur fjárhæðin á fjórða hundrað milljóna króna.



Ásgeir Margeirsson, fyrrverandi forstjóri HS Orku.

varma, sem er samlagshlutafélag í eigu fjórtán lífeyrissjóða, og breska sjóðastýringarfyrirtækisins Ancala Partners. Félagin keyptu í sameiningu tæplega 67 prósent hlut í HS Orku í maí síðastliðnum fyrir um 47 milljarða króna en fyrir áttu lífeyrissjóðirnir um þriðjungshlut.

HS Orka á og rekur tvö jarðvarmaver, í Svartsengi og á Reykjanesi, og er eina orkufyrirtæki landsins sem er í einkaeigu. Rekstrartekjur félagsins námu tæplega níu milljörðum króna í fyrra og var EBITDA-hagnaður HS Orku um 3,2 milljarðar. — hae



Mikil gleði ríkti í Núparétt í Melasveit í gær þar sem saman var komið fólk úr öllum áttum; sveitungar, fjölskyldur þeirra og vinir ásamt fjölda ferðamanna sem heillaðist af stemningunni í sveitinni. Fjár- og stóðréttir fara fram um land allt í septembermánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Hildur Vala leysir Sölku af

LÍFIÐ Hildur Vala Baldursdóttir leikkona tekur við hlutverki Ronju ræningjadóttur í Þjóðleikhúsinu nú í október af söng- og leikkonunni Sölku Sól Eyfeld, sem fer í fæðing-arorlof. Salka Sól leikur í þremur sýningum til viðbótar nú í mánuðinum, en Hildur Vala tekur við hlutverkinu í október. Hún er audmjúk og þakklát fyrir tækifærið, en hún var einmitt kölluð Ronja í æsku.

— ssp / sjá síðu 18



Ráðherra vill RÚV af markaði

FJÖLMIDLAR Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra stefnir á að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði. Engar slíkar fyrirætlanir hafa verið kynntar ríkisstjórninni formlega en menntamálaráðherra



Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra.

vill umræðu um málið. Forsætisráðherra er opin fyrir hugmyndinni, en vill þá auka framlög til RÚV. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir að áður en framlög til ríkismídilsins séu ákvörðuð sé rétt að skilgreina hlutverk og skyldur RÚV.

— ósk / sjá síðu 4

Kolbeinn er snúinn aftur

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson skoraði sitt fyrsta mark á Laugardalsvelli í rúm þrjú ár þegar hann kom landsliðinu á bragðið í sannfærandi sigri gegn Moldóvu í undankeppni EM 2020 um helgina.

Margir fússuðu og sveiðu þegar Erik Hamrén og Freyr Alexandersson völdu Kolbeinn hvað eftir annað í landsliðshópinn og gáfu honum mínútur í Þjóðadeildinni og vináttu-landsleikjum á meðan Kolbeinn var úti í kuldunum hjá Nantes.

— hó / sjá síðu 10



FLOREALIS

Haltu þínu striki!



Harpatinum við gíggar- og liðverkjum. Bætur hreyfingu og dregur úr stíðleika.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki Viðurkennt af Lyfjastofnun

AUSTURBÆR
VIÐBURÐAHÚS
FUNDIR, VEISLUR
TÓNLEIKAR & FL.


3 SALIR
50 - 1.000 GESTIR



518 4000 / info@tales.is



Veður



Fremur hæg suðlæg eða breytileg átt, skúrir og hiti 7 til 16 stig. Norðaustan 5-10 norðvestan til. Áfram dálítill væta í flestum landshlutum og hiti 4 til 13 stig, mildast sunnanlands. **SJÁ SIÐU 14**

Jón Þór verður ekki formaður

ALÞINGI Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, mun ekki taka við formennsku í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd (SEN) líkt og lagt var upp með í upphafi kjörtímabils. Samningur var gerður á milli Samfylkingar og Pírata um að formennsku nefndarinnar skyldi skipt á milli flokkanna.

Áformað var að Jón Þór yrði formaður í haust og myndi sinna því starfi í eitt ár. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir myndi svo ljúka kjörtímabilinu. Þórhildur Sunna tekur hins vegar við strax í haust.

Jón Þór hefur einnig látið eftir sæti sitt í forsætisnefnd, en Helgi Hrafn Gunnarsson, samflokkismaður Jóns, mun taka sæti í nefndinni í hans stað. Jón Þór mun hins



Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata.

vegar áfram sitja í atvinnuveganefnd og segist geta sinnt starfi sínu þar betur með þessum breytingum.

Aðspurður um ástæður þess að hann víki úr forsætisnefnd og fari ekki með formennsku í SEN, líkt og áformað var, segist Jón Þór vilja einbeita sér að starfi þingmannsins í vetur. „Ég notaði sumarið í að melta það hvar og hvernig kraftar mínir myndu nýtast best. Með þessu get ég farið aftur í grasrótna. Þar á ég heima. Svona get ég einbeitt mér að því sem skiptir landsmenn máli í stað þess að vera fastur í skrifræði þingsins,“ segir Jón Þór.

„Svo þegar ég fór að hugsa út í þetta sá ég að Þórhildur Sunna yrði miklu öflugri formaður SEN en ég,“ segir Jón Þór kiminn.

„Svona get ég verið óbreyttur þingmaður og einbeitt mér að því sem er að gerast fyrir utan skipulagsheildina á Alþingi.“ - **bdj**

Sniglarnir 35 ára



Sniglar, Bifjólasmötök lýðveldisins, fögnuðu 35 ára afmæli sínu í blíðskaparveðri og frábærum félagsskap gær. Dagurinn var haldinn hátíðlegur með pompi og prakt og var bifhjólafólki boðið í allsherjar afmælisveislu þar sem boðið var upp á kaffi og kökur í félagsheimili samtakanna í Skerjafirði. Um tvö hundruð afmælisgestir lögðu leið sína í veisluna og voru gestirnir afar ánægðir með daginn og veitingarnar. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Níu milljónir klukkustunda í umferðartafir

SAMGÖNGUR „Í ár verður tæplega níu milljónum klukkustunda sóað í umferðartafir innan höfuðborgarinnar. Umferðartafir á annatíma hafa aukist um nærri 50 prósent á örfáum árum,“ segir Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi, í grein í blaðinu í dag.



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi.

„Þessar tafir samsvara um 40 klukkustundum – eða heilli vinnuviku – á hvern höfuðborgarbúa árlega.“ Ferðavenjum verði að breyta. „Um 79 prósent allra ferða á höfuðborgarsvæðinu eru nú farnar á bíl,“ segir jafnframt. - **bdj/sjá síðu 8**

Fleiri börn í vanda í ár

Starfsmenn Foreldrahúss – Vímulausrar æsku merkja aukningu á neyslu ungmenna. Mikilvægt að foreldrar hafi varann á og hafi lyfjaskápin læstan.

SAMFÉLAG „Til þessa hefur símtölum frá foreldrum barna sem eru að byrja í neyslu fækkað á sumrin en ekki núna. Við munum varla eftir öðru eins sumri í þau 35 ár sem við höfum starfað,“ segir Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss – Vímulausrar æsku.

Mynstrið er íðulega þannig að upp kemst um neyslu ungmenna þegar skólarnir hefjast á ný. Merkja þær Berglind og Guðrún B. Ágústsdóttir ráðgjafi aukningu núna í september frá fyrrri árum.

„Það vantar alltaf fjármagn í þennan málaflökk, þá má ekki gleyma landsbyggðinni þar sem minni hjálp er að fá,“ segir Berglind. Foreldrahús – Vímulausrar æska er sjálft að hleypa af stað fjárfun fyrir nýju húsnæði og fleira starfsfólki.

Í síðustu viku var hleypt af stokkunum þjóðaráttakinu Á allra vörum. Að þessu sinni á að styrkja forvarnar- og fræðsluáttakið Eitt líf. Samhliða því var frumsýnd áhrifamikil auglýsing til að vekja fólk til umhugsunar um lyfjamisnotkun ungmenna. Alls létust 39 ungmenni vegna lyfjamisnotkunar í fyrra.

Berglind fagnar öllu sem veur athygli á þessum vanda. „Við þekkjum þennan vanda vel. Það sem við rekumst oft á er að þau halda að þau viti alveg hvað þau eru að gera,“ segir Berglind.

Guðrún segir mikilvægt að foreldrar hafi varann á þegar kemur að lyfjum. „Læsið þau inni. Ekki hafa þau uppi í hillu þar sem unglingar eða vinir þeirra geta náð í þau,“ segir Guðrún. „Það eru ljót dæmi um að ungmenni hafi jafnvel tekið inn hjartalýf því þau hafa ruglast á þeim og öðrum. Líka dæmi um að þrettán ára hafi prófað fentanýl hjá krabbameinsveikum fjölskyldumedlim.“

Þær itreka að börnin sem um sé



Í fyrra létust 36 ungmenni af völdum lyfjamisnotkunar. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Ef unglingurinn er kominn með nýja vini í einhverju allt öðru hverfi og finnst það ekkert tiltökumál að taka strætó í 45 mínútur til að hitta einhverja sem þú hefur ekki hitt, þá er ástæða til að kanna hvort það geti verið eitthvað meira í gangi.

Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss – Vímulausrar æsku



að ræða séu ekki þau sem kalla má vandræðaunglinga. „Þau koma ekki endilega frá fátækum heimilum eða foreldrum sem sinna þeim ekki. Oft tala foreldrarnir einmitt um að þau séu í íþróttum, eigi marga vini og hafi gengið vel í skólanum,“ segir Guðrún.

Berglind segir að það séu nokkur merki sem foreldrar eigi helst að hafa í huga. Börnin mæta verr í skólanum, koma síður heim í kvöldmat og geta illa gert grein fyrir fjárútlátum. „Ef unglingurinn er kominn með nýja vini í einhverju allt öðru hverfi og finnst það ekkert tiltökumál að taka strætó í 45 mínútur til að hitta einhverja sem þú hefur ekki hitt, þá er ástæða til að kanna hvort það geti verið eitthvað meira í gangi.“ **arib@frettbladid.is**

BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR (stig 1) **30. sept.** 8 mánudagar frá 20-23
KERFIÐ (stig 2) **2. okt.** 8 miðvikudagar frá 20-23

- **STIG 1** Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að mæta ein/einn.
- **STIG 2** Standard-kerfið er í forgrunni á þessu námskeiði, bæði tveggja-manna-tal og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Mikilið spilað og ekki nauðsynlegt að koma með makker.
 - Staður ... **Síðumúli 37** í Reykjavík
 - Sjá nánar á ... **bridge.is**
 - Upplýsingar og innritun í síma ... **898-5427**

+PLÚS



Mikið fjör í Núpárett

Fjöldi fólks kom saman í Núpárett í Melasveit í gær. Bæði börn og fullorðnir skemmtu sér vel og allir hjálpuðust að við að draga feð í dilka.



+PLÚS





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Þegar sumarið kallar á þig. Hilux Invincible



Verð frá: 6.170.000 kr.



Invincible 33" breytingapakki að verðmæti 700.000 kr. fylgir

Hilux er ódrepanði harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum. Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Mun minni viðbúnaður vegna komu Indlandsforseta en Pence

LÖGGÆSLA Engar fastar lokanir verða á götum vegna komu Indlandsforseta til landsins eins og var við heimsókn Mikes Pence í síðustu viku.

Hann fær þó lögreflugfylgd hvert sem hann fer, líkt og Angela Merkel og aðrir þjóðhöfðingjar sem heim-sækja landið, með tilheyrandi trufl-

unum á umferð. Óvenju mikið hefur verið um opinberar heimsóknir upp á síðkastið og mikið að gera hjá umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta verður náttúrulega ekkert í líkingu við Pence en þetta verður svona meira í áttina að Merkel,“ segir Guðbrandur Sigurðsson,



Shri Ram Nath Kovind, forseti Indlands.

aðstoðaryfirlögregluþjónn umferðardeildar lögreglunnar, spurður út í viðbúnað vegna heimsóknarinnar. „Það verður umferðarfylgd á öllum ferðum hans og þar af leiðandi truflun á umferð svona rétt á meðan fylgdin er að fara í gegn en svo opnast allt aftur.“

Shri Ram Nath Kovind, forseti

Indlands, kemur í opinbera heimsókn til landsins í dag eins og greint hefur verið frá. Hann mun hitta Guðna Th. Jóhannesson, forseta Íslands, á Bessastöðum á morgun og að því loknu halda opinn fyrirlestur í Háskóla Íslands, sem ber yfirskriftina Indland og Ísland fyrir græna plánetu. –ókp

Marinn og blár eftir björgun

LÖGREGLUMÁL Flytja þurfti björgunarsveitarmann á sjúkrahús eftir að ráðist var á hann í miðri flugeldasýningu Ljósanætur á laugardagskvöld. Björgunarsveitarmaðurinn hafði bjargað lífi manns sem stakk sér til sunds undir Berginu en eftir björgunina réðst maðurinn á hann.

Björgunarsveitarmaðurinn var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. „Þaðan var hann sendur til frekari skoðunar til Reykjavíkur þar sem talin var þörf á því vegna áverka,“ segir Haraldur Haraldsson, formaður Björgunarsveitar Suðurnesja. Björgunarsveitarmaðurinn var marinn og bólginn á eftir.

Maðurinn sem stökk í sjóinn kvaðst ætla að synda til Hafnarfjarðar. Ljóst sé að mati Haraldar að maðurinn hefði druknað hefði honum ekki verið komið til bjargar. –kdi

Með tæpt kíló af kókaíni innvortis

LÖGREGLUMÁL Maður sem var stöðvaður af tollgæslunni í komusal Keflavíkurflugvallar viðurkenndi að vera með fíkniefni innvortis. Þá hafði hann ætlað að smygla tæpum 700 grömmum af kókaíni til landsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

Maðurinn kom frá Madrid fyrsta september síðastliðinn og er af erlendu bergi brotinn. Lögreglan á Suðurnesjum handtók manninn í kjölfar játningar hans og færði hann á lögreglustöð. Þar skilaði hann af sér samtals 70 pakkningum af fíkniefninu. Hann er nú í gæsluvarðhaldi en rannsókn málsins er í höndum lögreglunnar á Suðurnesjum.

–kdi



Ráðherra ætla sér að taka RÚV af auglýsingamarkaði

Menntamálaráðherra ætla sér að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði. Forsætisráðherra vill bæta stofnuninni upp þær tekjur með hækkuðu útvarpsgjaldi. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins vill hins vegar að hlutverk og skyldur RÚV séu skilgreindar áður en tekin er afstaða um framlög til ríkisfjölmiðilsins.

FJÖLMIÐLAR Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra, stefnir á að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði. Engar slíkar fyrirætlanir hafa verið kynntar ríkisstjórninni með formlegum hætti en menntamálaráðherra vill umræðu um málið. Forsætisráðherra er opin fyrir hugmyndinni, en vill þá auka framlög til RÚV. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir að áður en framlög til ríkisfjölmiðilsins séu ákvörðuð, sé rétt að skilgreina hlutverk og skyldur RÚV.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir koma vel til greina að taka RÚV af auglýsingamarkaði. „Fyrirkomulagið er þannig víða í kringum okkur, en það á sér þar töluvert langa sögu. Það sem ég myndi vilja leggja til er að það yrði skoðað sérstaklega hvaða áhrif það myndi hafa á íslenska auglýsingamarkaðinn, það er að segja, hvort þeir rúmum tveir milljarðar sem Ríkisútvarpið hefur í tekjur af auglýsingasölu muni skiptast yfir á hina innlendu miðlana eða hvort þeir fari annað, til dæmis úr landi,“ segir Katrín.

Hún vill að Ríkisútvarpinu sé bætt upp sú upphæð sem það verði af, fari það af auglýsingamarkaði. „Ég myndi vilja gera það með því að hækka ú t v a r p s g j a l d i ð. Mér hugnast ekki að almanna-fjölmiðill sé á fjárlögum.“

Óli Björn Kárasón,



Katrín Jakobsdóttir.

Óli Björn Kárasón.



Menntamálaráðherra hefur einnig boðað sérstaka styrki til einkarekinna fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir um að ræða tvö aðskilin mál, annars vegar framlög til ríkisfjölmiðilsins og hins vegar það hvort ríkið eigi að standa í óeðlilegri samkeppni við einkaaðila. „Eitt er að taka ákvörðun um að reka RÚV. Ef við ætlum að gera það skulum við gera það með þeim hætti að það hafi sem minnst neikvæð áhrif

á einkarekna miðla. Auglýsingasala RÚV eyðileggur og skekkir alla stöðu gagnvart sjálfstæðum fjölmiðlum. Það er því rétt og eðlilegt að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði þó ekki sé nema bara af þeirri ástæðu,“ segir Óli Björn.

„Með hið svokallaða tekjutap sem af því kann að hljóta, það er einfaldlega annað mál. Það hefur ekkert að gera með það hvort menn eigi að lofa ríkisfyrirtæki að keppa með óeðlilegum hætti við einkaaðila, í þessu tilfalli á auglýsingamarkaði. Spurningin um framlög til RÚV er allt önnur og snýr að því hvaða skyldum og hlutverki RÚV á að gegna, sem mér þætti eðlilegt að

væri svarað áður en menn byrja að velja því fyrir sér hvort eigi að bæta upp tekjutap, innan gæsalappa, vegna auglýsingasölu. Ég tel að þar eigi að byrja. Svo má taka afstöðu til þess hvort þurfi að tryggja því auknar tekjur eða hvort það komist af með minna en það hefur nú,“ útskýrir Óli Björn.

Lilja segir það ekki liggja fyrir hvenær hún muni kynna fyrirætlanir sínar með Ríkisútvarpið fyrir ríkisstjórn. „Það kemur að því. Ég ligg núna undir feldi og er að skoða hvernig þetta sé best gert. Ég held að umræða um málið sé mikilvæg og að þetta sé best gert í skrefum.“

olof@frettabladid.is

FIAT ATVINNUBÍLAR



FIAT DUCATO

Verð frá 4.024.194 án vsk.
4.990.000 m/vsk.

FIAT TALENTO L2H1

Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.

FIAT DOBLO

Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.

FIAT FIORINO

Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.



UMBOÐSÁÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.FIATPROFESSIONAL.IS • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16





Way of Life!

SWIFT MILD HYBRID

FYRIR UMHVERFIÐ OG ÞIG



Suzuki Swift er fánlegur með 1.0l Boosterjet Mild Hybrid tvinnafliásarvél.
Suzuki Ignis og Suzuki Baleno eru einnig fánlegir með Mild Hybrid búnaði.

Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Mild Hybrid.

*Suzuki Mild Hybrid eru eingöngu fánlegir beinskiptir.

VERÐ KR.

2.880.000



SUZUKI

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Bólginn og marinn eftir þung högg og spörk Björgunar-sveitarmaðurinn sem ráðist var á á Ljósanótt er á batavegi.

2 Jón Gunnarsson: „Algerlega órókstutt þvaður“ Þingmennirnir Jón Gunnarsson og Helga Vala Helgadóttir tókust hart á vegna boðaðra friðlýsinga umhverfisráðherra.

3 Völli Snær floginn til Bahama-eyja til að hjálpa fórnarlömbum fellibylsins Matreiðslumaðurinn Völundur Snær Völundarson er floginn út til Bahama eyjanna til að hjálpa fórnarlömbum fellibylsins Dorians.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Nei við frestun

BREXIT Utanríkisráðherra Frakka vill að Bretar taki ábyrgð á því ástandi sem upp er komið í sambandi við Brexit. Svar Frakka við frestun Breta á útgöngu úr Evrópusambandinu sé nei, að svo stöddu. Ráðherrann segir jafnframt að nýjar lausnir Breta í Brexit séu allar í orði en ekki á borði. „Við getum ekki gengið í gegnum þetta á þriggja mánaða fresti,“ sagði ráðherrann við fjölmiðla í gær. Bretar hafa tvisvar þurft að fresta útgöngu úr sambandinu.



Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands.

Hart er deilt í Bretlandi um næstu skref í Brexit. Forsætisráðherrann, Boris Johnson, segist ætla út úr sambandinu þann 31. október, með eða án samnings. Hann hefur, þrátt fyrir stutta ráðherratíð, þegar misst þingmeirihluta og rekið 21 þingmann úr íhaldsflokki sínum fyrir að greiða atkvæði með lögum sem koma í veg fyrir samningslausa útgöngu Breta.

Amber Rudd, ráðherra verkalýðsmála, hætti í ríkisstjórn Johnsons um helgina. Hún sagði engar formlegar viðræður í gangi við ESB. - ósk

Donald Trump aflýsti friðarviðræðum eftir árás

BANDARÍKIN Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, aflýsti leynilegum fundi sínum með Ashraf Ghani, forseta Afganistans, og ædstu leiðtogum talibana sem fram átti að fara í gær.

Trump greindi frá á Twitter að fundurinn hefði verið fyrirhugaður í Camp David. Á fundinum voru fyrirhugaðar friðarviðræður á milli Bandaríkjanna og talibana.

Þá segist hann hafa hætt við



Donald Trump.

fundinn í kjölfar þess að talibanar lýstu yfir ábyrgð á árás í Kabúl í Afganistan á fimmtudag þar sem bandarískur hermaður lést ásamt ellefu óbreyttum borgurum. Fjórir bandarískir hermenn hafa látist í Afganistan á tveimur vikum.

Trump segir í Twitterfærslunni að fundinum hafi verið aflýst um leið og talibanar lýstu yfir ábyrgð á árásinni og að hann stefni ekki á friðarviðræður við fólk sem

myrðir saklausa borgara til þess að styrkja samningsstöðu sína.

Friðarviðræður á milli Bandaríkjanna og talibana hafa staðið yfir um nokkurt skeið en Bandaríkin réðust inn í Afganistan í kjölfar árásanna á tvíburaturnanna árið 2001. Samtökin Al-Kaída gengust við árásinni. Samtökin voru fjármögnuð að miklu leyti af talibönnum sem þá voru við stjórn í Afganistan.

Utanríkisráðgjafur Bandaríkjanna sagði við fjölmiðla að fundurinn hefði verið í bígerð í dágóðan tíma. Hann sagði að talibanar hefðu ekki staðið við sinn

hluta bráðabirgðasamnings sem gerður hefði verið á milli þeirra og Bandaríkjanna með árásinni, en hluti samningsins sneri að því að draga úr ofbeldi.

Talibanar sendu frá sér yfirlýsingu fáeinum tímum eftir að Trump aflýsti fundinum þar sem fram kom að ákvörðun forsetans væri vond. „Báðir aðilar hafa lagt mikið á sig í undirbúningi friðarviðræðanna. Ákvörðun forsetans mun leiða af sér tap fyrir Bandaríkin, þetta sýnir allan viljann til friðarviðræðna. Mannfall mun aukast,“ sagði talsmaður talibana í yfirlýsingunni. - bðj

Búkmyndavélar lögreglu séu til bóta við rannsókn mála

Réttarmeinafræðingur á Landspítalanum segir búkmyndavélar geta flýtt og auðveldað við rannsóknir á saka-málum. Lögreglan festi nýlega kaup á fjörutíu slíkum vélum.

LÖGGÆSLA Sebastian Kunz, réttarmeinafræðingur á Landspítalanum, fagnar því að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafi tekið í notkun svokallaðar búkmyndavélar. Hann segir að um sé að ræða mikið framfaraskref enda geti þær bæði flýtt og auðveldað rannsóknir mála.

„Hluti af mínu starfi sem réttarmeinafræðingur er að meta áverka sem verða til eftir átök tveggja eða fleiri aðila. Í flestum tilvikum er það skortur á sönnunargögnum eða ósamræmi í vitnisburði sem gerir starf mitt krefjandi, því þó að krufning eða rannsókn sýni nokkurn veginn hvað gerðist, þá er alltaf svigrúm til annarra túlkunaratriða. Í þeim tilvikum er myndbandsupptaka besta leiðin til þess að tryggja rannsóknina,“ segir Sebastian.

Sebastian nefnir nýlegt dæmi um unga konu sem lést eftir að hafa farið í svokallað æsingsóråd, sem er ástand sem fólk getur farið í ef það veitir viðnám eða mótspyrnu við handtökur.

„Í því tilvikum hefði upptaka með sjónarhorni lögreglumannsins hjálpað til við að greina ástæðu andlátsins og hefði getað komið í veg fyrir misræmi í framburði,“ segir hann.



Sebastian Kunz er réttarmeinafræðingur. Hluti af starfi hans er að meta áverka eftir átök. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í flestum tilvikum er það skortur á sönnunargögnum eða ósamræmi í vitnisburði sem gerir starf mitt krefjandi

Sebastian Kunz, réttarmeinafræðingur á Landspítalanum

„Þegar lögreglumenn standa frammi fyrir erfiðum verkefnum eins og þessum þá er það þjálfun, fræðsla og reynsla sem mestu máli skiptir, frekar en sú hugmynd um að fólk sé meðvitað um að það sé verið að taka upp,“ bætir Sebastian við, aðspurður hvort myndavél hefði getað breytt einhverju í tilfelli konunnar.

Þá bendir Sebastian á að öll gögn sýni fram á mikilvægi myndavéla á lögreglumönnum og því sé eðlilegt að lögreglan hér á landi bregðist við því.

„Það hafa fjölmargar rannsóknir

verið gerðar á þessu sviði. Það skiptir engu máli til hvaða landa er lítið, útkoman er alltaf sú sama: búkmyndavélar bæta samskipti lögreglu og almennra borgara.“

Myndavélar fjörutíu, sem lögreglan keypti nýverið, voru teknar í notkun um þar síðustu helgi. Tíu myndavélar voru keyptar í tilraunaskyni árið 2016 og í framhaldinu var ákveðið að kaupa fleiri vélar með það að markmiði að afla betri sönnunargagna. Fimmtíu lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu bera nú myndavélar við skyldustörf. sunnak@frettabladid.is



Nýtt

ERT ÞÚ MEÐ HÁLSBÓLGU?
Strefen®

Bólguþandi og verkjastillandi munnúði við særindum í hálsi



Strefen 16,2 mg/ml munnhólsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímæðferð til að draga úr einkennum bráðra hálsæringa hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjú daga.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

SÍÐASTI DAGURINN

TAX

FREE

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

5.-9. september

Taxfree* af öllum snyrtivörum

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Indland



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Ýmsir erlendir ráðamenn hafa heimsótt Ísland á síðustu vikum. Þar má nefna Angelu Merkel Þýskalandskanslara, forsætisráðherra Norðurlanda, Vladímír Títov, varautanríkisráðherra Rússlands, og nú síðast Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna. Í þessari viku bætist við enn ein heim-sóknin sem er ekki síður áhugaverð.

Forseti Indlands, Shri Ram Nath Kovind, kemur í dag í opinbera heimsókn. Hann mun meðal annars funda með forseta Íslands og heimsækja íslensk fyrirtæki. Með honum er 36 manna viðskiptasendinefnd skipuð fulltrúum indverskra fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum.

Indland er áhugavert fyrir margra hluta sakir. Þar er ein elsta síðmenningin, allt að átta þúsund ára. Á síðustu árum hefur þetta þrettán hundruð milljón manna ríki, fjölmennasta lýðræðisríki heims, gengið í gegnum gríðarlegar samfélagsbreytingar og hagvöxt.

Indland er ríki samfélagsandstæðna og breytinga. Það segir sína sögu að Kovind forseti tilheyrir 200 milljón manna stétt Dalíta sem til skamms tíma voru taldir til neðsta þreps hins forna indverska stéttakerfis og nutu minni réttinda en efri stéttir.

Mörg fyrirtæki á Vesturlöndum horfa nú til Indlands og aukinnar kaupgetu millistétta landsins, alls um þrjú til fjögur hundruð milljónir manna og myndar einn stærsta neytendamarkað heims. Indverskir milljónamæringar eru um 200.000 og fer fjölgandi. Á síðustu árum hefur indverskt viðskipta-umhverfi verið opnað æ meir fyrir alþjóðaviðskiptum. Í því skyni hafa stjórnvöld einfaldað reglugerðir og skattakerfi og auknið vernd fyrir fjárfestingar.

Breska tímaritið Economist áætlað að árið 2031 verði Indland þriðja stærsta hagkerfi heims, stutt af tilfærslu atvinnu milljóna manna frá dreifbýli til þéttbýlis. Hætt er við að gríðarlegar samfélagsbreytingar og misskipting auðs leiði til félagslegrar og pólitískrar spennu. Vaxandi efnahagslegur máttur muni gera Indland að áhrifamiklu alþjóðlegu afli sem finni sér sameið með hagsmunum Bandaríkjanna og Japan. Á næsta áratug er einnig líklegt að samkeppni við Kína um áhrif í Suður-Asíu muni aukast enn frekar.

Ísland er lítið hagkerfi sem á mikið undir öflugum alþjóðasamskiptum. Velferð landsins byggir á virkni í þessum viðskiptum. Samskiptin við Indland hafa verið takmörkuð en eru vaxandi. Opnun sendiráðs Íslands í Nýju-Delí árið 2006 og opnun sendiráðs Indverja hér árið 2008 hefur þar mikil áhrif.

Íslendingar geta sótt á indverskan markað vaxandi millistétta með tæknivörur og sérfræðipækkingu hvað varðar líftækni, matvinnslutækni og heilbrigðisþjónustu. Á síðasta ári heimsóttu um 20 þúsund Indverjar Ísland heim. Allar líkur eru á að þeim fjölgi til muna á næstu árum.

Íslendingar ættu einnig að geta dregið úr kostnaði við framleiðslu og þjónustu með meiri samvinnu við indversk fyrirtæki.

Heimsókn forseta Indlands verður vonandi hvatning til aukinna viðskipta og samskipta þjóðanna.



Á síðustu árum hefur þetta þrettán hundruð milljón manna ríki, fjölmennasta lýðræðisríki heims, gengið í gegnum gríðarlega samfélagsbreytingar og mikinn hagvöxt.

Halldór



Frá degi til dags

Barnaskapur...

Ragnar Öundurson er í fremstu vöglu eldri borgara á Facebook þar sem hann sér nú ofsjónum yfir skipan Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur í embætti dómismálaráðherra og spyr hvort hún eigi ekki frekar heima í barnamálaráðuneytinu. Þarna lítur hann að vísu fram hjá því að Áslauga Arna er á svipuðum aldri og Ragnar var sjálfur þegar honum var treyst til að stýra heilum fullorðinsbanka. Orðaval heldri borgarans virðulega styður hið fornkvæða um að tvisvar verði gamall maður barn þegar hann segir Sjálfstæðisflokkinn hafa verið einstaklega „óheppinn í kvennamálum“ og kallar varaformann hans og fráfaraðandi ritara „puntutúkkur“.

...eða elliglið?

Ragnar vill að Áslauga Arna og Þórdís Kolbrún sýni þolinmæði á meðan þær afli sér starfs- og lífsreynslu sem geri þær verðugar til setu á ráðherrastólum. Reynsla er þó eitt og þroski annað og ætla má að þessar tvær konur hafi nýtt árin vel og spyrja má hvað það nákvæmlega er sem Ragnar hefur öðlast umfram þær á sínum langa ferli? Meinfýsni, yfirgangur og dónaskapur eru ýmist meðfæddir eða áunnir eiginleikar og vonandi hafa „puntutúkkurnar“ þroska til þess að afþakka þessa úttekt úr reynslubanka Ragnars Öundursonar.
thorarinn@frettabladid.is

Níu milljón stundir



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík

Í ár verður tæplega níu milljónum klukkustunda sóað í umferðartafir innan höfuðborgarinnar. Umferðartafir á annatíma hafa aukist um nærri 50 prósent á örfáum árum. Þetta sýna niðurstöður umferðarlíkans VSO og nýlegar mælingar Vegagerðarinnar. Þessar tafir samsvara um 40 klukkustundum – eða heilli vinnuviku – á hvern höfuðborgarbúa árlaga. Það eru váleg tíðindi.

Samtök iðnaðarins telja mikla hagkvæmni felast í minni umferðartöfum. Minnki tafir um 15 prósent megi ná fram 80 milljarða króna ábata fyrir fólk og fyrirtæki á einungis fáum árum. Þá eru ótalin þau auknu lífsgæði sem felast í greiðum samgöngum.

Samgönguráðherra hefur sagt breyttar ferðavenjur vera lykilinn að lausn samgönguvandans. Undirrituð tekur í sama streng. Borgarbúum verða að bjóðast fleiri góðir samgöngukostir. Gera þarf fleirum kleift að ferðast án bíls – enda ljóst að fleiri bílum fylgja meiri tafir.

Samfylkingin hefur um árabíl boðað byltingu í breyttum ferðavenjum. Á eftir ár er lofað árangri í samgöngumálum. Niðurstöður nýlegrar ferðavenjukönnunar skjóta því skökku við. Um 79 prósent allra ferða á höfuðborgarsvæðinu eru nú farnar á bíl. Það er aukning um fjögur prósentustig á örfáum árum. Samhliða hafa viðhorf til almenningsgangna, gangandi og hjólandi versnað til muna.

Núverandi meirihluta hefur ekki tekist að auka hlut almenningsgangna í borginni. Þvert á móti hefur bílum fjölgað meira en fólk síðustu ár – þvert á yfirlýst markmið um annað. Ferðavenjur hafa ekki breyst og Reykjavíkurborg er enn á ný eftirbátur annarra borga í samgöngumálum.

Við verðum að fjárfesta í samgöngubótum fyrir fjölbreyttar samgöngur, annað er óhagkvæm og óarðbær meðferð almannaþjá. Borgarbúum verður að bjóðast raunverulegt val um ferðamáta. Þetta val mun ekki bjóðast fyrr en ráðist hefur verið í stórsókn í almenningsgangum, borgarskipulagið leiðrétt og aðstæður fyrir gangandi og hjólandi bættar. Þá fyrst sjáum við árangur.



Við verðum að fjárfesta í samgöngubótum fyrir fjölbreyttar samgöngur, annað er óhagkvæm og óarðbær meðferð almannaþjá.

TUDOR rafgeymar

AGM þurrir rafgeymar fyrir Start-Stop bíla



Veldu öruggt start með TUDOR

Viðurkenndir af öllum bílaframleiðendum

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Ágætis fólk

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Ég hugsa að það væri dálítið miklu erfðara að búa á Íslandi, í þessu vedurbarða fásinni á hjara veraldar, ef Íslendingar væru yfirhöfuð fordómfullir leiðindapúkar. Það mætti vel ímynda sér að þróun mannlífsins á árhundruðum hefði orðið slík að hér byggi í einangrun sinni fólk sem þyldi ekki að aðrir væru öðruvísi, sem vildi steypa fólk í sama mót og gera öllum þeim lífið leitt sem strituðu við að synda á móti straumnum og vera það sjálft. Slik er jafnan ímynd eyjarskeggja, ekki satt? Eru eyjarskeggjar ekki svona fólk sem vill síður að utanadkomandi og öðruvísi manneskjur ruggi bátum? Þola ekki utanaðkomandi áreiti og vilja hafa hlutina í föstum skorðum. Sem sagt, leiðindaskarfar.

Staðalmyndir eru sem betur fer sjaldan sannar. Vissulega hristir maður hausinn stundum yfir Íslendingum. Maður á erfitt með að skilja hvað er að gerast stundum í hausnum á sumum samborgurinum og maður gapir yfir athugasemdum á netinu. Það verður ekki



komist hjá því að í samfélagi gæti alls konar skoðana, og líklega er það einmitt fallegur hlutur, þótt stundum reyni á þolþrifin. Og maður dæsir stundum yfir því hvernig hlutum er háttað, hvernig alls konar ákvarðanir eru teknar eða ekki teknar og hvernig sumt er ekki klárað og hvernig hægt er að hjakka áfram í sama farinu í alls konar málum. Jafnvel koma stundir þar sem mann langar að búa annars staðar, sérstaklega þegar saman fer skítaveður, myrkur og leiðindi. Sem gerist.

En svo koma aðrar stundir. Þau koma sem betur fer þessi blik í lífi þessarar þjóðar sem sýna manni á einhvern undursamlegan hátt að þrátt fyrir allt býr á þessu landi fólk sem er satt að segja upp til hópa bara nokkuð gott. Þetta er þokkalegt lið. Ég ætla ekki að vera

sentimental — óþarfi að missa sig — en Íslendingar eru sem sagt alveg ágætir. Maður verður smá stoltur. Ef ekki mjög stoltur.

Frændinn kemur

Hingað kom Mike Pence. Ég hugsa að hann sé kannski svona eintak sem ég hef í huga þegar ég segi að mér finnst gott að á Íslandi búi ekki bara leiðindapúkar. Mikið væri glatað ef allir væru eins og Mike Pence. Ekki þekki ég manninn, en ferillinn segir sína sögu sem og áherslumálin og málflutningurinn. Á grunni einbeitts og markviss virðingarleysis í garð réttinda samkynhneigðra, kvenna og alls kyns minnihlutahópa hefur Pence byggt upp stjórnmálaferil. Það var ekki einfalt verkefni, býst ég við, fyrir ráðafólk þjóðarinnar að taka á móti þessum manni.

Bandaríkjamenn, í öllum sínum stórbrotna fjölbreytileika, eru vinaþjóð okkar og jafnvel fyrirmynd. En hvað gerir maður þegar varaforsetinn er hommafóbiskur afturhaldsseggur og trúarofstækismaður? Og hann kemur í heimsókn?

Yfir túnið að bænum kemur arkandi í stígvélum meðfram skurðinum gamli, fúli frændinn. Heimilisfólkið — fríðelskandi og umtalsgott — gægist meðfram gardinum út um gluggann og sér hann koma. Ó, nei. Húsfrúna langar helst að senda yngsta barnið til dyra, til að segja frændanum að enginn sé heima, en mómentíð fór. Of seint. Smá paník. Allt í einu er hann kominn inn í anddyri. Og allt í einu, yfir kaffinu, er hann farinn að flytja ræður um það hvað það sé nú gott að heimilisfólkið sé með honum í liði í glímunni við aðra í sveitinni. Húsfrúin maldar í móinn og húsbóndinn líka en frændinn hlustar ekki. Talar bara. Hann klukkar kotið í viðureign sinni við heiminn. Þið eru með mér í liði, segir hann. Fer svo. Arkar til baka yfir túnið. Heimilisfólk situr ringlað eftir. Hvað gerðist?

Fánarnir í Borgartúni

Jú, þetta gerðist: Íslendingar sýndu sínar bestu hliðar þegar Mike Pence kom í heimsókn. Komdu bara kallinn minn, sögðu Íslendingar. Við skulum loka götunum, svo þú getir ferðast einn með paranojunni þinni. Við skulum



Komdu bara kallinn minn, sögðu Íslendingar. Við skulum loka götunum, svo þú getir ferðast einn með paranojunni þinni.

leyfa þér að setja leyniskyttarnar þínar á húspökin. Og segðu það sem þú vilt. En eitt skulum við hafa á hreinu. Gildin okkar eru ekki gildin þín. Við skrifum ekki undir fordóma þína og deilum á engan hátt sýn þinni á veröldina.

Þegar regnbogafánarnir fóru að birtast í Borgartúni einn af öðrum, þegar borgarstjórnin mætti á hjóli, forsetafrúin í hvítri dragt, forsetinn með regnboga-armband og forsætisráðherrann okkar stóð við hlið hans, ung kona við hlið karls sem vill ekki einu sinni að konur ráði yfir líkama sínum, hvað þá meira, þá greip mann sem sagt þetta áður nefnda stolt: Mikið er þessi þjóð með hjartað á réttum stað. Eitthvað höfum við gert rétt, þrátt fyrir allt. Við erum hið þryðilegasta fólk.

Og á Lækjartorgi reyndu nýnasistar um svipað leyti að efla hreyfingu sína með áróðri. Viðbrögðin við þeim ógeðfellda gjörningi hafa styrkt þessa sömu tilfinningu: Þótt þjóðin sé skrytinn stundum, þá er hún ekki í ruglinu. Þjóðin er fin. Jafnvel smá mögnuð, svei mér.

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Hamrén átti kollgátuna með Kolbein

Kolbeinn Sigþórsson skoraði sitt fyrsta mark á Laugardalsvelli í rúm þrjú ár þegar hann kom íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu á bragðið í sannfærandi sigri gegn Moldóvu í undankeppni EM 2020 um helgina. Eftir erfiða og meiðslum hrjáða tíma hjá Kolbeini er útlit fyrir bjartari tíma á næstu misserum.

FÓTBOLTI Leikur Íslands og Moldóvu í undankeppni EM 2020 í knattspyrnu fór eins og best verður á kosið. Íslenska liðið vann þegar upp var staðið þægilegan sigur þar sem lykilleikmenn liðsins komu heilir frá verkefninu. Það sem gladdi stuðningsmenn íslenska liðsins ekki síst var það að Kolbeinn Sigþórsson lék í byrjunarliði í mótsleik í fyrsta skipti síðan í lokakeppni Evrópumótsins sumarið 2016.

Margir fusuðu og sveiðu þegar Erik Hamrén og Freyr Alexandersson völdu Kolbein hvað eftir annað í landsliðshópinn og gáfu honum mínútur í þjóðadeildinni og vináttulandsleikjum á meðan Kolbeinn var úti í kuldnum hjá Nantes og svo að því er virtist í vandræðum með að finna sér nýtt félag.

Leikurinn í gær sýndi og sannaði að Hamrén og Freyr voru með langtímaplan sem er að ganga upp á þessum tímamarki. Kolbeinn braut ísinn í leiknum gegn Moldóvu



Kolbeinn Sigþórsson lék klukkutíma þegar Ísland vann Moldóvu og ljóst er að hann er óðum að finna sitt fyrra form með landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

➤ Kolbeinn Sigþórsson lék sinn fyrsta leik í byrjunarliði fyrir íslenska liðið síðan á EM 2016 og skoraði sitt fyrsta mark á Laugardalsvelli fyrir liðið í rúm þrjú ár.

gæti spilað í klukkutíma eða hálf-tími af varamannabekknunum yrði raunin.

Leikurinn við Albaníu ytra verður annars eðlis en sigurleikurinn við Moldóvu. Albaníumenn eru mun sterkari en Moldóvar og svo er munur á því að leika á heimavelli og að leika eftir ferðalag á útivöll. Það er bót í máli fyrir íslenska liðið að leikmenn leystu verkefnið á móti Moldóvum fagmannlega, komust tveimur mörkum yfir fljótlega í seinni hálfleik og gátu tekið Kolbein út af snemma, kippt Birki af velli áður en hann fékk áminningu og færi þá í leikbann og Aron Einar Gunnarsson og Gylfi Þór Sigurðsson þurftu ekki að taka á honum stóra sínum undir lok leiksins.

Þá reyndi lítið sem ekkert á Hannes Þór Halldórsson og varnarlinuna utan þess að þurfa að halda einbeitingu sem reynir vissulega á andlega þáttinn. Þá fékk Emil Hallfreðsson mikilvægur mínútur til þess að koma sér í leikform fyrir leikinn gegn Albaníu.

Það kæmi lítið á óvart að Hamrén og Freyr myndu fara úr leikkerfinu 4-4-2 yfir í 4-3-3 í leiknum gegn Albönum á morgun. Þar koma Emil Hallfreðsson og Rúnar Már Sigurjónsson til greina til þess að þetta raðirnar inni á miðsvæðinu. Þá fer það líklega eftir því hvort Kolbeinn er í líkamlegu formi til þess að spila í klukkutíma eða hálf-tíma hvort hann byrji eður ei. Það leikplan sem sett var upp í leiknum á móti Tyrklandi með Jón Daða uppi á toppi með Gylfa Þór fyrir aftan sig og Birki Bjarnason á öðrum kantinum og Arnór Ingva Traustason hinum megin kemur þá sterklega til greina. hjorvaro@frettabladid.is

á laugardaginn með snotru marki sem var það 24. á landsliðsferlinum sem setur hann tveimur mörkum frá Eiði Smára Guðjohnsen sem er á toppnum á listanum yfir markahæstu leikmenn í sögu landsliðsins.

Hamrén var spurður út í stöðuna á Kolbeini á blaðamannafundi eftir sigurleikinn gegn Moldóvu. Hamrén sagðist að sjálfsgöðu vera ánægður með frammistöðu Kolbeins en hrósaði þar um leið spilamennsku Jóns Daða en þeir félagar náðu vel saman í framlinunni. Svinn vildi ekki segja af eða á um það hvort Kolbeinn yrði klár í slaginn þegar íslenska liðið sækir Albaníu heim á morgun.

Spurningamerki hversu mikið Kolbeinn getur spilað

Kolbeinn hefur hægt og sigandi aukið spiltíma sinn hjá sænska liðinu AIK síðan hann gekk til liðs við félagið og síðustu vikur hefur hann spilað um og yfir klukkutíma líkt og hann gerði í leiknum á móti Moldóvu. Hamrén sagði að staðan yrði tekin þegar komið væri til Albaníu hvort Kolbeinn væri klár í annan slag. Ljóst var á svörum Hamrén að það væri spurning hvort Kolbeinn

Tæki færi



SIEMENS

Þvottavél, iQ700

